

Nd.

688. Frumvarp til laga

[297. mál]

um breytingu á lögum nr. 30 frá 27. júní 1921, um erfðafjárskatt, lögum nr. 50 frá 26. maí 1972 og lögum nr. 46 frá 12. maí 1978, um breytingu á þeim lögum.

Flm.: Halldór Blöndal, Matthías Á. Mathiesen, Ólafur G. Einarsson, Albert Guðmundsson, Pétur Sigurðsson, Birgir Ísl. Gunnarsson, Jósef H. Þorgeirsson.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Eftirlifandi maki skal undanþeginn erfðafjárskatti. Fjárhæð erfðafjárskattsins er ákveðin þannig:

a) Af erfðafé, sem hverfur til niðja, kjörniðja og fósturbarna, svo og af þriðjungshluta er ráðstafað hefur verið með erfðaská til annarra, skal svara af hverjum arfshluta:

Af fyrstu 100 þús. kr. 5%,

af næstu 100 þús. kr. 6%,

og svo áfram þannig að skatturinn eykst um 1% á hverjum 100 þús. kr. sem arfurinn hækkar þar til hann hefur náð 10%.

Við fyrirframgreiðslu arfs til þessara aðila ákveðst skatturinn þó 10%.

b) Af erfðafé, sem hverfur til foreldra hins látna eða niðja þeirra, er ekki heyra undir staflíð a, skal svara af hverjum arfshluta:

Af fyrstu 100 þús. kr. 15%,

af næstu 100 þús. kr. 17%,

og svo áfram þannig að skatturinn eykst um 2% á hverjum 100 þús. kr. sem arfurinn hækkar þar til hann hefur náð 25%.

Við fyrirframgreiðslu upp í arf til þessara aðila ákveðst skatturinn þó 25%.

c) Af erfðafé, sem hverfur til afa eða ömmu hins látna eða niðja þeirra, sem ekki heyra undir staflíð a eða b hér að framan, eða til fjarskyldra erfingja eða óskyldra, skal svara af hverjum arfshluta:

Af hverjum 100 þús. kr. 30%,

af næstu 100 þús. kr. 33%,

og svo áfram þannig að skatturinn eykst um 3% á hverjum 100 þús. kr. sem arfurinn hækkar þar til hann hefur náð 45%.

Við fyrirframgreiðslu upp í arf til þessara aðila ákveðst skatturinn þó 45%.

d) Af erfðafé, sem hverfur til kirkna, opinberra sjóða, gjafasjóða, félaga, líknar- og menningarstofnana eða annars slíks, skal ekki greiða erfðafjárskatt.

Afsali erfingi eða gjafþegi sér arfi eða dánargjöf, skal sá, er við afsalið fær aukinn arf, greiða af hinum aukna arfshluta þann erfðafjárskatt, er hinum hefði borið að greiða, er afsalaði sér arfi.

2. gr.

Í stað „60 000“ í 1. mgr. 6. gr. laganna komi: 5000.

3. gr.

Í stað „600 000“ í fyrri mgr. 12. gr. laganna komi: 50 000.

4. gr.

Fjárhæðir þær, sem um getur í 2. gr., 1. mgr. 6. gr. og fyrri mgr. 12. gr., skulu hækkaðar í réttu hlutfalli við þá hækkun, sem verða kann á vísitölu byggingarkostnaðar eins og hún var 1. jan. 1982.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka til þeirra bóa, sem skipt er eftir gildistöku þeirra, en fram til þess tíma gilda óbreyttar fyrri reglur um álagningu erfðafjárskatts.

Greinargerð.

Það er svo um fjárhæðir í lögum, að verðgildi þeirra breytist mjög ört, ef ekki er sjálfvirk viðmiðun við vísitölu eða tengsl við verðbólguþróun með öðrum hætti. Lögin um erfðafjárskatt eru frá 1978 og hefur vöxtur verðbólgunnar frá þeim tíma legið nálægt 50%. Af þeim sökum er erfðafjárskattur nú mun þyngrri en löggjafinn ætlaðist til þegar umrædd lög voru sett. Frumvarp þetta hnígur að því að leiðrétta þá skekkju, sem þannig hefur myndast, og tengja lögin byggingarvísitölunni til þess að sæmilegt réttaröryggi megi verða varðandi erfðafjárskatt í framtíðinni. Þessar breytingar eru svo sjálfsagðar, að um þær þarf ekki að hafa fleiri orð. Vilji Alþingis liggur fyrir frá árinu 1978, og ekkert hefur komið fram um það, að hann hafi breyst frá þeim tíma. Hér er því nánast um leiðréttingu að ræða.

Í frv. þessu felst það nýmæli, að eftirlifandi maki skuli undanþeginn erfðafjárskatti. Hér er vissulega brotið í blað, sem réttlætist af því, að missir maka veldur hinum eftirlifandi þungum búisfjum sem erfitt er að færa rök fyrir að geti orðið þjóðfélaginu tekjulind, — a. m. k. ef það vill kalla sig menntað eða siðfágað.

Það nýmæli er í frv. þessu, að skattþrósentan er í hámarki á hverri tröppu, ef um fyrirframgreiðslu er að ræða. Það er gert til þess að auðvelda framkvæmd laganna og gera hana skýrari.

Í frumvarpinu er sú breyting, að því er slegið föstu að erfðafjárskattur verði aldrei hærri en 45% í stað 50% eins og nú er.

Þá er sú breyting að ekki skuli greiða erfðafjárskatt af fé, sem hverfur til kirkna, opinberra sjóða, gjafasjóða, félaga, líknar- og menningarstofnana eða annars slíks, en samkv. núgildandi lögum er gert ráð fyrir 10% erfðafjárskatti.

Það er erfitt að meta um hversu háar fjárhæðir hér er að ræða, þar sem engar upplýsingar liggja fyrir um það, hversu mikill erfðafjárskattur innheimtist t. d. á árinu 1981. Að beiðni flutningsmanna hefur þó verið kannað hversu háum fjárhæðum erfðafjárskatturinn nam þá við borgarfélogetaembættið í Reykjavík og reyndist hann vera 9 988 450 kr. Sennilegt má telja að þær breytingar, sem í frumvarpinu felast, muni lækka þessa fjárhæð um 20%.

Nú er það að vísu svo, að lögum samkvæmt á erfðafjárskattur að renna óskiptur í sérstakan sjóð, sem hefur það að markmiði að lána og veita styrki til þess að koma upp vinnuheimilum og öðrum stofnunum fyrir öryrkja og gamalmenni í því skyni að starfsgeta þeirra komi að sem fyllstum notum. Reynslan hefur þó orðið sú, að ríkissjóður hefur tekið til

sín verulegan hluta erfðafjárskattsins svo að hann hefur ekki komist allur til skila í erfðafjár sjóð. Nauðsynlegt er í tengslum við þetta frumvarp að bæta erfðafjár sjóði þann tekju missi, sem frumvarpið felur í sér. Eðlilegt er að það verði gert við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni, enda liggur raunar fyrir að nauðsynlegt er að taka til endurskoðunar, hvort erfðafjár sjóður hafi bolmagn til þess að standa undir skuldbindingum sínum eða hvort nauðsynlegt sé að gera frekari ráðstafanir til þess að meira fé renni til uppbyggingar á vinnuheimilum og öðrum stofnunum öryrkja en nú er.